

Samþykktir fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ses.

Heiti, heimili og varnarþing

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og er nafn hennar Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ses. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er á Húsavík.

Tilgangur og markmið

2. gr.

Tilgangur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á starfssvæði sínu, sem eru sveitarfélögin Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð, og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnulífi og samfélags- og byggðáþróun.

Markmið stofnunarinnar er að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæði sínu. Að markmiðum sínum skal stofnunin vinna í samstarfi við sveitarfélögin, samtök þeirra, ríkisvaldið og aðra þá aðila sem láta sig þessi markmið varða. Hún skal skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast atvinnurekstri. Þá skal stofnunin vinna að því að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu sem fela í sér hagnýt gildi og eru hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar til skilgreindra markmiða hennar og í samræmi við samþykktá rekstraráætlun hverju sinni.

Stofnendur

3. gr.

Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar eru:

Nafn	Heimilisfang	Pnr.	Staður	Kennitala	Stofnfé	
Norðurþing	Ketilsbraut 7-9	640	Húsavík	640169-5599	4.956.042	47,20%
Þingeyjarsveit	Kjarna	650	Laugar	590602-2640	1.919.920	18,28%
Langanesbyggð	Fjarðarvegi 3	680	Þórshöfn	420369-1749	1.066.049	10,15%
Skútustaðahreppur	Múlavegi 2	660	Mývatn	600269-1009	759.139	7,23%
Samtök atvinnurekenda á Norðausturlandi	Garðarsbraut 5	640	Húsavík	600112-0820	510.426	4,86%
Sparisjóður Suður Þingeyinga	Kjarna	650	Laugar	530990-2149	494.402	4,71%
Framsýn - stéttarfélag	Garðarsbraut 26	640	Húsavík	680269-7349	286.659	2,73%
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Langanesvegi 2	680	Þórshöfn	490272-2169	142.506	1,36%
Tjörneshreppur	Ketilsstöðum	641	Húsavík	650269-5789	118.182	1,13%
Þingið	Garðarsbraut 26	640	Húsavík	490272-4109	98.861	0,94%
Starfsmannafélag Húsavíkur	Garðarsbraut 26	640	Húsavík	451275-2329	98.861	0,94%
Garðræktarfélag Reykhverfinga	Hveravöllum	641	Húsavík	570169-7779	21.823	0,21%
Hótel Reynihlíð	Reynihlíð	660	Mývatn	671261-0119	21.823	0,21%
Svalbarðshreppur	Holti	681	Þórshöfn	640269-1979	5.309	0,05%

Stofnfé

4. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 10.500.000,- sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 3. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar.

Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

Aðrar eignir og skuldbindingar

5. gr.

Til viðbótar stofnfé skv. 4. gr, eignast stofnunin allar eignir AP – ráðgjafar og þróunar hf. (áður Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.) og tekur við öllum skuldbindingum félagsins.

Fulltrúaráð

6. gr.

Fulltrúaráð skal starfa við stofnunina og eru fundir þess æðsta vald hennar. Skal það skipað sömu aðal- og varafulltrúum og skipa fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. Auk þess skulu samtök atvinnurekenda á starfssvæði stofnunarinnar skipa tvo fulltrúa í fulltrúaráðið og jafn marga til vara og með sama hætti skulu samtök launþega á starfssvæðinu skipa tvo fulltrúa í fulltrúaráðið og jafn marga til vara.

Eigi síðar en 15. júlí á því ári sem kosið er til sveitarstjórna skal skipað í fulltrúaráðið til fjögurra ára í senn.

Hlutverk fulltrúaráðsins er að velja í stjórn í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, vera tengiliður milli stofnenda og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur. Nánar er kveðið á um hlutverk fulltrúaráðsins í einstökum ákvæðum samþykktar þessarar.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar og stjórnarmenn mega ekki skipa meiri hluta fulltrúaráðs.

Fundir fulltrúaráðs

7. gr.

Ársfund stofnunarinnar skal halda eigi síðar en 30. júní ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar, kröfu kjörinna endurskoðenda eða ef þriðjungur fulltrúaráðsmanna krefst þess, enda sé fundarefnis getið.

Fundir fulltrúaráðs skulu almennt vera opnir en þó er ársfundi heimilt að taka ákvörðun um að fjalla um einstök mál fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm trúnaðarmál. Til funda fulltrúaráðs skal boða með dagskrá með a.m.k. tíu daga fyrirvara, bréflaga eða með rafpósti og jafnframt auglýsa í héraði.

Aðalmenn í fulltrúaráði, eða eftir atvikum varamenn þeirra hafa málfrelsi, tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt á ársfundi. Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn sem ekki eiga sæti í fulltrúaráði hafa málfrelsi og tillögurétt á ársfundi. Fundarstjóra er heimilt að leyfa fundarmönnum sem ekki eru í fulltrúaráði að taka til máls á ársfundi.

Á ársfundi gerir stjórn grein fyrir starfi stofnunarinnar á liðnu starfsári og leggur fram endurskoðaða ársreikninga til staðfestingar.

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Staðfesting ársreiknings
- 3) Breytingar á stofnskrá (ef við á)
- 4) Kosningar:
 - a) Kjör stjórnar
 - b) Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis
- 5) Ákvörðun um þóknun stjórnar.
- 6) Önnur mál

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á fundum fulltrúaráðs nema sérstaklega sé í samþykktum þessum kveðið á um aukinn meirihluta.

Stjórn

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sex einstaklingum og jafn mörgum til vara, kjörnum á ársfundi til eins árs í senn. Leitast skal við að kynjahlutföll séu jöfn í stjórninni en þó skulu aldrei skipaðir færri en tveir einstaklingar af hvoru kyni. Stjórn skal þannig skipuð skv. tilnefningum; tveimur fulltrúum frá Norðurþingi / Tjörneshreppi, einum fulltrúa frá Þingeyjarsveit / Skútustaðahreppi, einum fulltrúa frá Langanesbyggð / Svalbarðshreppi, einum fulltrúa atvinnurekenda og einum fulltrúa stéttarfélagi.

Sveitarfélögin, atvinnurekendur og stéttarfélög skulu tilnefna fulltrúa sína og stilla upp sameiginlegri tillögu fyrir ársfund fulltrúaráðs þar sem stjórn er kjörin með formlegum hætti.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal kjósa formann, varaformann og ritara.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar á milli funda fulltrúaráðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina, þ.m.t. prókúru. Stjórn áritar ársreikninga ásamt framkvæmdastjóra áður en þeir eru lagðir fyrir ársfund.

Stjórnarfundir

9. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Framkvæmdastjóri

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslýsingu, samþykktum þessum og fyrirmælum stjórnar. Hann ber ábyrgð á fjármálum og reikningshaldi stofnunarinnar í umboði stjórnar og annast ráðningu annars starfsfólks. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóri á rétt á að sitja stjórnarfundum stofnunarinnar og ársfund, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Almennt hæfi

11. gr.

Fulltrúaráðsmenn, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Endurskoðendur

12. gr.

Að tillögu stjórnar skal ársfundur stofnunarinnar velja löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi fulltrúaráðsmanna, stjórnarmanna, nefndarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.

Fjármál, reikningsár og ráðstöfun rekstrarafgangs

13. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru samningsbundin framlög stofnenda, tekjur samkvæmt þjónustusamningum við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir, opinber framlög, gjafir, styrkir og annað sjálfsaflafé.

Stofnunin hefur sjálfstæðan fjárhag og ber því ein ábyrgð á skuldbindingum sínum. Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Stjórn skal hafa lokið gerð ársreiknings eigi síðar en við boðun ársfundar sbr. 7. gr.

Verði afgangur af rekstri stofnunarinnar skal færa hann yfir á næsta reikningsár. Ef halli verður af rekstri stofnunarinnar skal það greitt úr sjóðum hennar eða fært á næsta reikningsár. Stjórn er heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð af tekjum stofnunarinnar til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur hennar.

Breytingar á samþykktum, sameining og slit

14. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á ársfundi stofnunarinnar með samþykki 2/3 hluta fulltrúaráðsmanna, svo og samþykki stofnenda sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta stofnfjár, sbr. 36. gr. laga nr. 33/1999. Til að auka skuldbindingar stofnaðila þarf þó samþykki þeirra allra. Tillögur um breytingar á samþykktunum skulu sendar út með fundarboði ársfundar.

Stofnuninni verður aðeins slitið eða hún sameinuð annarri stofnun með ákvörðun skv. 36. gr. laga nr. 33/1999. Verði starfsemi stofnunarinnar hætt og hún lögð niður skal eigum hennar varið til eflingar atvinnulífs og samfélags- og byggðaðróunar á starfssvæðinu.

Önnur ákvæði

15. gr.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í samþykktum þessum gilda um starfsemi stofnunarinnar ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og önnur lagaákvæði er við geta átt.

Þannig samþykkt á fulltrúaráðsfundi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. á Húsavík þann 26. nóvember 2018.

Skráður prókúruhafi: